



Ársskýrsla Langanesbyggðar

2025

Höfundar:

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri

Bjarnheiður Jónsdóttir, skrifstofustjóri

Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, skólastjóri leikskólans Barnaból

Hilma Steinarsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn

Þórarinn J. Þórisson, slökkviliðsstjóri

Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar

Silvía Jónsdóttir, forstjóri Hjúkrunarheimilisins Naust.

Þorri Friðriksson, forstöðumaður Þjónustamiðstöðvar Langanesbyggðar

Svala Sævarsdóttir, bókarí las yfir handrit.

Þórshöfn í maí 2026



Efnisyfirlit	Blaðsíða
Skýrsla sveitarstjóra inngangur	3
Fjármál	5
Framkvæmdir	9
Íbúðabyggingar	9
Sorpmóttökustöð	9
Höfnin	10
Grunnskólinn á Þórshöfn	10
Aðrar framkvæmdir og verkefni	11
Deildir	12
Skrifstofa Langanesbyggðar	12
Hjúkrunarheimilið Naust	13
Leikskólinn Barnaból	15
Slökkvilið Langanesbyggðar	16
Þjónustumiðstöð Langanesbyggðar	18
Grunnskólinn Þórshöfn	19
Íþróttamiðstöðin VER	21
Önnur starfsemi sveitarfélagsins og tengd verkefni	24
Kistan	24
Eignir á Bakkafirði	24
Þórsver	24
Pósthúsið	24
Lokaorð - framtíðarverkefni	25



Skýrsla sveitarstjóra – inngangur

Kjörtímabilið sem nú er að ljúka hefur um margt verið óvenjulegt í sögu Langanesbyggðar. Þetta er fyrsta kjörtímabilið eftir sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps en áður höfðu átt sér stað sameiningar Þórshafnarhrepps og Sauðaneshrepps árið 1996 og við Skeggjastaðahrepp 2006 en þá hlaut sveitarfélagið nafnið Langanesbyggð. Sameiningin gekk vel fyrir sig að undangengnum samningaviðræðum þar sem helst var rætt um eignir á jörðum og laxveiði tengdum þeim. Nýr listi, H listi Betri byggðar hlaut meirihluta í kosningum 2022. Áður höfðu verið tveir listar, U listi sem ekki bauð fram aftur og L listi, Framtíðarlistinn sem var með meirihluta 2018 – 2022. L listi bauð aftur fram 2022 og fékk 3 fulltrúa kjörna en H listi hlaut 4 af 7 fulltrúum. Nýkjörin sveitarstjórn var kosin í óbundinni kosningu þar sem allir íbúar, sem ekki gátu skorast undan kjöri voru í framboði. Eftir sameiningu er Langanesbyggð 13. stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli eða um 2483 km². Íbúatala hefur litið breyst undanfarin ár og nálgast nú 600. Þess ber þó að geta að líkindum eru nokkrir íbúar skráðir með búsetu á Bakkafirði sem eru fluttir burtu.

Sveitarfélagið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum við önnur sveitarfélög og ber þar hæst að sveitarfélagið er þátttakandi í samstarfi sveitarfélaga með einn fulltrúa á ársþingi Sambands ísl. sveitarfélaga. Þá tekur sveitarfélagið þátt í Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE þar sem sveitarfélagið á einn fulltrúa í stjórn og tvo fulltrúa á ársþingi. Þekkingasetur Þingeyinga sér um rekstur Kistunnar, þekkingar og þróunarseturs (sjá síðar) sem komið var á fót árið 2022 með kaupum á húsi Landsbankans á Þórshöfn. Einn fulltrúi situr ársþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélagið er einnig þátttakandi sem stofnfélagi í húsnæðisfélaginu Brák sem hefur það á stefnuskrá að byggja leiguhúsnæði utan höfuðborgarsvæðisins. Félagið hefur þegar byggt eitt fjögurra íbúða raðhús á Þórshöfn við Miðholt 21 – 27 og hyggur á byggingu annars húss á mótum við sömu götu og verða þar tvær tveggja herbergja íbúðir og tvær þriggja herbergja íbúðir. Einnig er sveitarfélagið þátttakandi í samtökum sjávarútvegssveitarfélaga, Samorku og Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum. Þá er sveitarfélagið í óformlegu samstarfi smærri sveitarfélaga. Langanesbyggð er aðili að Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík sem m.a. sér um gamla prestsetrið á Sauðanesi.

Fyrir utan sveitarstjórn og byggðaráð sem funda einu sinni í mánuði starfa þrjár fastanefndir sem funda reglulega einu sinni í mánuði: Umhverfis- og skipulagsnefnd, Atvinnu- og nýsköpunarnefnd og Velferðar- og fræðslunefnd. Nefndir og ráð sem funda óreglulegar eru: Landbúnaðar- og dreifbýlisnefnd, hverfisráð Bakkafjarðar, stjórn Jarðasjóðs sem fer með jarðeignir sveitarfélagsins og er með eigin samþykktir sem eru viðauki við samþykktir sveitarfélagsins. Aðrar nefndir og ráð eru: Heilsuefandi samfélag, Ungmennaráð, Öldungaráð og kjörstjórn. Búið er að leggja niður Héraðsnefnd Þingeyinga og eignir Langanesbyggðar (hlutabréf) voru flutt í Fjárfestingafélag Þingeyinga.

Ýmissi þjónusta er útvistað til Norðurþings s.s. félagsþjónustu og þjónustu byggingafulltrúa en sveitarfélagið er með skipulagsráðgjafa hjá teiknistofu Norðurlands, Arnar Ólafsson. Heilbrigðisstofnun Norðurlands rekur heilsugæslu á Þórshöfn en íbúar Bakkafjarðar sækja heilbrigðisþjónustu til Heilbrigðisstofnunar Austurlands vegna svæðaskiptingar heilsugæslu



sem er eftir endilöngu Langanesi. Slökkvilið er á Þórshöfn og einn bíll staðsettur á Bakkafirði. Björgunarsveitin Hafliði er öflug björgunarsveit sem hefur aðsetur á Þórshöfn.

Atvinnulíf byggir að mestu á sjávarútvegi, og nær 45% útsvarstekna koma frá sjávarútvegi en landbúnaður byggir nær eingöngu á sauðfjárræktun. Stærsti atvinnurekandinn ásamt sveitarfélaginu er Ísfélag hf. sem rekur loðnuvinnslu og vinnslu á botnfiski á Þórshöfn. Smábátaútgerð er töluverð bæði frá Þórshöfn og Bakkafirði. Lífræn ræktun á gulrófum er á bænum Flögu 2 sem er í eigu sveitarfélagsins en fyrirtækið er einkarekið. Pósthús er á Þórshöfn samkvæmt sérstökum samningi við Íslandspóst. Fyrirtækið leigir húsnæði í Kistunni en starfsmenn pósthússins eru starfsmenn sveitarfélagsins (sjá sérkafla síðar). Verslun, bifreiðaverkstæði og nokkrir verktakar eru starfandi í Langanesbyggð. Gistihús og veitingastaður er á Þórshöfn og einnig er gisting og matsala rekin á tveimur bæjum í Langanesbyggð. Bensinstöð N1 er á Þórshöfn og þar er rekin verslun í húsnæði N1 en reksturinn er einkarekinn. Á Þórshöfn er grunnskóli og leikskóli en börnum frá bæjum á Langanesi, Bakkafirði og úr Þistilfirði er ekið til Þórshafnar. Að Svalbarði sem tilheyrði Svalbarðshreppi er samkomuhús í eigu sveitarfélagsins sem rekið er sem gistiheimili og fyrir samkomur. Á Bakkafirði er skólahús sem leigt er út fyrir gistingu ásamt tjaldsvæði og veitingastað- og verslun sem hefur takmarkaðan opnunartíma. Sveitarfélagið hefur skrifstofuaðstöðu í skólahúsinu og þar er tilbúin aðstaða fyrir fjarvinnu. Íbúar á Bakkafirði hafa frían aðgang að samkomusal og eldhúsi skólans fyrir samkomur. Tjaldsvæði er einnig rekið á Þórshöfn af sveitarfélaginu. Sveitarfélagið leigir út félagsheimilið Þórsver sem veitingastað en þar er einnig rekið mötuneyti fyrir skólana.

Hjúkrunarheimilið Naust er rekið á Þórshöfn þar sem pláss er fyrir 13 íbúa. Sveitarfélagið á 55% í húsnæðinu og ríkið 45% en ríkið hefur lýst yfir vilja sínum til að kaupa hlut sveitarfélagsins og hugsanlega taka yfir reksturinn í kjölfarið. Tap hefur verið á rekstrinum undanfarin ár frá 10 og upp í 40 milljónir króna á ári. Til eru áætlanir um stækkun og endurnýjun á húsnæðinu sem vonandi verður farið í eftir samninga við ríkið.

Sundlaug og íþróttahús eru á Þórshöfn en þar er einnig þreksalur. Komið er að miklu viðhaldi á húsinu sem setið hefur á hakanum vegna annarra verkefna s.s. endurnýjun á hjúkrunarheimilinu og myglu sem kom upp í grunnskólanum. Það verður næsta stóra verkefni að fara í viðgerðir á húsinu.

Sveitarfélagið rekur Þjónustumiðstöð sem sinnir ýmsum verklegum þáttum fyrir sveitarfélagið s.s. minniháttar viðhaldi eigna, snjómokstri, frárennismálum og vatnsveitu. Þá hefur miðstöðin umsjón með hirðingu opinberra svæða og sinnir móttökusvæði fyrir sorp í samvinnu við umhverfisfulltrúa sem er starfandi á skrifstofu sveitarfélagsins. Þjónustumiðstöðin þjónar einnig flugvellingum á Þórshöfn.

Skrifstofa Langanesbyggðar er í stjórnsýsluhúsi miðsvæðis á Þórshöfn þar sem myndast hefur þjónustukjarni. Í stjórnsýsluhúsinu er einnig skrifstofa Verkalýðsfélags Þórshafnar, starfsmaður Rannsóknarmiðstöðvar landbúnaðarins, sálfræðingur, fulltrúi sýslumanns á Húsavík og útibú ÁTVR. Miðsvæðis er einnig matvöruverslun. Á skrifstofu starfa samtals 5 starfsmenn.



Fjármál

Við upphaf kjörtímabilsins voru verðbólga og vextir í hæstu hæðum. Sveitarfélagið var rekið að nokkru leyti á yfirdrætti frá 2021 og fram á árið 2022. Sveitarstjórn ákvað að halda að sér höndum við gerð fyrstu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 og greiða niður yfirdrátt. Aðeins var fjárfest fyrir rúmlega 134 milljónir það ár þó margar nauðsynlegar framkvæmdir væru framundan. Þar á meðal var hætt við viðamikla fjárfestingu og viðhald í Íþróttamiðstöð að upphæð 480 milljónir króna og verulega dregið úr öðrum fjárfestingum.

Hagur tók að vænkast þegar líða fór á árið 2023 og hjálpuðu framlög vegna sameiningar mikið til. Það sem af er kjörtímabilinu hefur sveitarfélagið aðeins í nokkrar vikur samtals nýtt yfirdrátt sem það hefur haft frá 2021 upp á 60 milljónir króna, en þróun lykiltalna sést hér í lok kaflans.

Reynt hefur verið af fremsta megni að halda vel á fjármálastjórn þar sem svo lítið sveitarfélag má lítið við sveiflum í fjármálum. Gerð hafa verið drög að greiðsluáætlunum tekjum/gjöldum fyrir hvern mánuð. Tekið var lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga í janúar 2025 upp á 150 milljónir króna til að greiða upp skammtímaskuldir vegna viðhalds og fjárfestinga, aðallega við Naust, höfnina, bílastæði og kaup á íbúð við Bakkaveg 7. Lánalína var opnuð hjá Landsbankanum árið 2025 upp á 130 milljónir og búið er að draga á þá línu 60 milljónir um áramótin 2025/2026. Þetta var gert til að koma jafnvægi á lausafjárstöðu í stað þess að nýta yfirdrátt vegna yfirvofandi útgjalda sem voru fyrirsjáanleg vegna skólans.

Á efnahagsreikningi hefur verið tekið til og eignir seldar eða fyrirtæki lögð niður:

Drekasvæðið: Afskráð.

Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps: Selt til Tengis.

Fræ ehf. Félagið flutt í A sjóð og þar með skuld A sjóðs við félagið.

Fossorka: Selt til KPMG.

Greið leið: Stendur til að selja ríkissjóði.

Lækjarvegur 3 íbúðarhús: Selt.

Hlutabréf í Ytra Lóni: Seld.

Hlutabréf í Skör: Seld.

Héraðsnefnd Þingeyinga: Lögð niður.

Hlutabréf í Seljalaxi: Lögð inn til Fjárfestingafélags Þingeyinga.

Hlutabréf í Fjallalambi: Lögð inn til Fjárfestingafélags Þingeyinga.

Sveitarfélagið á eftir uppstokkun í Fjárfestingafélagi Þingeyinga 10,2% hlutfjár ásamt Fræ ehf. Sveitarfélagið stendur vel að vígi fjárhagslega og fór í gegn um greiðslumat vegna hugsanlegrar lántöku vegna skólans. Það lán var áætlað um 750 milljónir en líklega mun sveitarsjóður verða aflögufær um hærri upphæð eins og kemur fram í þriggja ára áætlun og nú gert ráð fyrir láni að upphæð 500 milljónir króna vegna skólans. Skuldahlutfall var árið 2025 65% en gæti farið í 115% árið 2028 en það er eina árið sem gert er ráð fyrir að skuldahlutfall fari yfir 100%.


Eins og áður segir ákvað sveitarstjórn að halda að sér höndum fyrsta heila árið sem var 2023 í fjárfestingum og viðhaldi. Árferði var einfaldlega þannig að fjárfestingar voru ekki fýsilegar í því efnahagsumhverfi sem við bjuggum í þá. En upp úr því fór fjárhagur að vænkast, veltufé



frá rekstri jókst og sömuleiðis handbært fé þannig að meiri afgangur skapaðist til að fjárfesta og leggja í viðhald með eigið fé. Skuldahlutfallið fór mjög lækkandi og fór allt niður í 67% árið 2024. Hámark skuldahlutfalls má ekki fara umfram 150% af tekjum sveitarfélagsins. Ekki er útlit fyrir að hlutfallið fari upp fyrir 100% nema hugsanlega árið 2028 þegar mest á reynir í framkvæmdum við grunnskólann. Skuldahlutfall og skuldaviðmið samkvæmt reglugerð jókst hinsvegar lítillega á síðasta ári þar sem gert var ráð fyrir að hafa borð fyrir báru í lausafé vegna fjárfestinga sem framundan voru. Lausafjórvið fyrirtækja og sveitarfélaga er viðvarandi vandamál í rekstri og yfirdráttarheimildir mikið nýttar en það eru dýrustu lán sem bæði fyrirtæki og sveitarfélög geta nýtt. Tiltölulega miklar fjárfestingar voru árin 2024 og 2025 og því var farin sú varúðarleið að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga og opna lánalínu hjá viðskiptabanka sveitarfélagsins sem er Landsbankinn. Þó sveitarfélagið hafi haft yfirdráttarheimild allt frá árinu 2020 hefur hann aðeins verið nýttur í örfáa daga. Þannig hefur tekist að halda fjármálum sveitarfélagsins í góðu horfi og þess má geta að í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 var Langanesbyggð nr. 5 á lista ef horft var á þessar lykiltölur, veltufjárhlutfall og skuldahlutfall.


Í meðfylgjandi töflum má sjá þróun fjármála sveitarfélagsins árin 2018-2025.

Lykiltölur úr ársreikningum 2018-2025 og áætlun 2026 A hluti									
Staða A hluta	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Áætlun 2026
Heildartekjur	712.384.000	744.945.000	760.357.000	816.789.000	991.881.000	1.068.129.000	1.350.583.811	1.192.050.000	1.319.584.000
Veltufé frá rekstri	129.263.000	113.154.000	33.816.000	63.123.000	136.737.000	173.008.000	320.498.977	155.348.000	117.714.000
Veltuf. frá rekstri sem hlutf. af alls tekjum	18%	15%	4%	8%	14%	16%	24%	13%	9%
Handbært fé í árslok	28.824.000	14.147.000	13.313.000	60.527.000	85.283.000	115.385.000	23.795.000	44.478.000	86.658.000
Veltufjárhlutfall	0,39	0,55	0,29	0,50	0,63	0,65	0,73	0,59	0,51
Skuldahlutfall	104%	121%	123%	130%	112%	102%	67%	93%	101%
Skuldaviðmið skv. reglugerð	84%	101%	106%	103%	81%	72%	49%	73%	72%




Veltufé frá rekstri

Sé afkoma tímabilsins (hagnaður eða tap) leiðrétt vegna tekna og gjalda sem hafa ekki áhrif á sjóðsstöðu fæst svokallað *veltufé frá rekstri*. Veltufé frá rekstri er sjóðstremistala sem lýsir fjármunamyndun félagsins á tímabilinu. Oftast er þessi tala svipuð rekstrarafkomunni í að viðbættum gjaldfærðum afskriftum á tímabilinu. (16,2%)




Handbært fé í árslok: Handbært fé sveitarsjóðs að frádregnum fjárfestingum og fjármögnunarahreyfingum, afborgunum og hækkun/lækkun skulda.




Veltufjárhlutfall

Hlutfall á milli skammtímaskulda og skammtímatekna. Punktstaða um áramót



Skuldahlutfal A sjóðs

Hlutfall skulda A sjóðs af tekjum sveitarfélagsins



Skuldaviðmið

Hlutfall skulda af tekjum A sjóðs samkvæmt reglugerð þar sem hlutfallið var hækkað í 150% til ársins 2025



Framkvæmdir

Byggingamál

Sveitarfélagið er stofnfélagi í húsnæðisfélaginu Brák sem á og rekur Miðholt 21-27 og áformar að byggja raðhús til leigu við Miðholt 20-26. Sveitarfélagið á aðeins stofnfé í félaginu en rekstur þess, útleiga á íbúðum, viðhald og gjöld eru greidd af húsnæðisfélaginu. Sveitarfélagið greiðir stofnframlag samkvæmt lögum þar um. Þátttaka í Brák var hluti af stefnumörkun sveitarstjórnar í byrjun um að fjölga íbúðum. Á kjörtímabilinu og til loka árs 2026 hafa verið og verða byggðar eða byrjað á byggingu 13 íbúða. Þar á undan hafði engin íbúð verið byggð frá árinu 2010. Í byrjun kjörtímabilsins var í þessu skyni ákveðið að fella niður gatnagerðargjöld, þó ekki tengigjöld af íbúðum sem byggðar voru við götur sem þegar voru tilbúnar og íbúðarhús höfðu staðið við áður.

Áform eru uppi um byggingu 1000 m² iðnaðarhúsnæðis við Markholt (nýja götu) og byggingu húsnæðis fyrir björgunarsveitina Hafliða við Háholt (um 350m²). Skipti yrðu höfð á eignum björgunarsveitarinnar sem sveitin á við Fjarðarveg 4 og 6 og Arnarbúð á Bakkafirði. Mismunur kaupverðs yrði greiddur með styrk til einhverra ára en samningaviðræður standa yfir. Málið er nú í höndum skipulagsráðgjafa sem er að gera tillögu að deiliskipulagi fyrir Pálmholt en það er eina hverfið sem á eftir að deiliskipuleggja á Þórshöfn. Gerður hefur verið samningur við „Landslag“ á Akureyri um gerð aðalskipulags 2027-2042 en núgildandi skipulag er í gildi 2007-2027.

Sorpmóttökustöð

Árið 2023 var hafist handa við að endurskipuleggja sorpmál í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð 803/2023 sem í stuttu máli gengur út á upptöku hringrásarhagkerfis í sorpmálum. Þar til nú hefur sveitarfélagið greitt á bilinu 20-40 milljónir króna með sorpmálum í sveitarfélaginu sem er raun ekki heimilt. Þá rekur sveitarfélagið urðunarstað á Bakkafirði sem hefur leyfi til 2032 en vonast er til að hægt verði að loka því svæði fyrr. Sorpgjöld eiga í raun að standa undir kostnaði við sorphirðu, flutning, flokkun og förgun sorps á svæðinu þannig að reksturinn verði í jafnvægi. Sorpgjöld hækkuðu 2020 til 2023 (um 14%) umfram aðrar hækkanir á gjaldskránni en það dugði ekki til, til að ná jafnvægi. Vonast er til að með nýju skipulagi náist jafnvægi í tekjum og gjöldum.

Gerð var áætlun um byggingu sorpmóttökustöðvar við Háholt sem í fyrstu var áætlað 350 m² en fljótlega stækkað í 520 m². Ennfremur var lóðin við Háholt stækkuð þannig að teknar voru tvær lóðir við hliðina með, húsinu snúið á lóðinni þannig að hægt yrði að aka í kring um það og losa sorp í gegn um lúgur. Upphafleg kostnaðaráætlun var 160 milljónir króna og var rennt alveg blint í sjóinn með málið og ákveðið að fylgjast með þróun mála í öðrum sveitarfélögum. Vitað var að gerð höfðu verið mörg mistök í ferlinu hjá ýmsum sveitarfélögum og því ákveðið að ráða umhverfisfulltrúa til að fylgja málinu eftir og fylgjast með hvernig önnur sveitarfélög leystu málin.

Kostnaður um áramótin 2025/2026 var kominn í 190 milljónir króna og líklega eiga eftir að bætast við um 40 milljónir þar til stöðin verður komin í gagnið. Þá verður einungis eftir að malbika plan í kringum stöðina. Stöðin hefur nú þegar fengið starfsleyfi. Árið 2026 verður notað í að þróa aðferðir við sorphirðu, flokkun, flutning og förgun á sorpi.



Höfnin

Í árslok 2022 fór Ísfélag hf. fram á það við Langaneshafnir að farið yrði í að gera landfyllingu inni í höfninni (4300m²) til að auka athafnasvæði Ísfélags hf. þannig að hægt yrði að byggja frystiklefa vegna mjög svo breyttra aðstæðna á erlendum mörkuðum. Jafnframt var áætlað að dýpka höfnina og nota sem mest af því efni sem upp kæmi í fyllinguna. Skipting fyllingarinnar er 45% Ísfélag og 55% Langaneshafnir. Þetta þýddi að færa varð smábátbryggju þar sem viðlega þeirra færðist inn í höfnina og gera þar trébryggju sem meðal annars myndi þjóna þeim tilgangi að breyta aðkomu að höfninni frá Fjarðarvegi eftir nýjum vegi, Bryggjuvegi og eftir hinni nýju trébryggju. Á aðalskipulagi frá 2007 til 2027 hafði alltaf verið gert ráð fyrir breytingu á aðkomu að höfninni þannig að hún færðist frá krossgötum Fjarðarvegar, Langanesvegar, Bakkavegar og Eyrarvegar og austur að þeim stað sem henni er ætlaður nú, þ.e. frá Fjarðarvegi á milli Fjarðarvegar 2 og 4. Dýpkun hafnarinnar var reyndar á dagskrá allt frá árinu 2012 þannig að hún gæti þjónað sínum tilgangi betur. Einnig voru og eru í þessum áætlunum lenging austur/vestur hafnargarðs um 100 metra á staurabryggju. Það mundi auka til muna viðlegupláss í höfninni því oft þurfa skip að bíða löndunar eða lestunar vegna plássleysis.

Þessi framkvæmd kostaði hafnarsjóð 89 milljónir króna en á móti kom styrkur frá Vegagerðinni upp á 10 milljónir króna. Auk þess fékk sveitarfélagið 30 milljónir í byggingaleyfisgjöld af byggingu frystiklefans. Eftir er að ganga frá endanlegu uppgjöri á þeirri framkvæmd sem nú er lokið en líklega hallar á hafnirnar um 15 milljónum króna sem Ísfélag hf. greiddi.

Þá er eftir gerð trébryggjunnar sem áætlað er að kosti 250 milljónir króna og ný aðkoma að höfninni sem áætlað er að kosti 31 milljón króna. Ekki hefur verið gerð nákvæm áætlun um lengingu hafnargarðsins. Sveitarfélagið hefur lagt á það áherslu við umhverfis- og samgöngunefnd þingsins að fá lögbundin framlög til trébryggjunnar og aðkomunnar sem gæti numið allt að 65% af framkvæmdakostnaði.

Grunnskólinn á Þórshöfn

Vorið 2025 var orðið ljóst að mygla var komin í grunnskólann en grunur hafði vaknað árið áður. Strax var ljóst að hér var um umfangsmikið vandamál að ræða samkvæmt fyrstu mælingum. Gerðar voru frumáætlanir um viðgerð, byggingu nýs skóla á öðrum stað eða byggja nýtt á núverandi stað. Eftir nánari skoðun kom í ljós að mögulegt var að gera við svokallaða A og B byggingu (nyrst) ásamt anddyri þar sem sýni höfðu verið tekin úr gólfplötu og þar var enginn raki. Umfangsmiklar viðgerðir höfðu farið fram á skólahúsinu árið 2016, einkum á byggingum A, B og anddyri sem voru illa farnar þá en niðurstaðan var sú að gera við þennan hluta skólans.

Hinsvegar kom í ljós að ekki svaraði kostnaði að gera við byggingu C (sem er í miðju skólans) og var ákveðið að leggja til að þar yrði byggt nýtt hús (T laga) upp á 965m². Byggingar sem gert yrði við eru um 450m² þannig að skólinn stækkaði úr rúmunum 800m² í rúma 1300 m² og hægt yrði að koma fyrir bókasafni og tónlistarskóla auk mun betri aðstöðu fyrir nemendur og kennara.

Allar þessar áætlanir eru þegar komnar á framkvæmdastig en þrátt fyrir það er ekki of seint fyrir nýja sveitarstjórn að breyta þeim áætlunum. Kostnaður er áætlaður um 900-1000 milljónir króna og vonast til að sveitarfélagið geti lagt til um 500 milljónir króna á árunum 2026 og 2027



en þegar eru á fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 alls 250 milljónir króna til verksins. Sveitarfélagið fór í gegn um greiðslumat vegna hugsanlegrar lántöku upp á 750 milljónir og stóðs það greiðslumat. Þó er ljóst að mörg verkefni þarf að færa aftar í forgangsröð vegna þessa s.s. viðgerðir og viðhald á íþróttamiðstöðinni.

Undirbúningur verksins er í höndum sérstaks vinnuhóps sem skipaður er oddvitum beggja lista fráfaramandi sveitarstjórnar, fulltrúa kennara, skólustjóra, Faglausnar ehf. sem hefur umsjón með verkinu og sveitarstjóra en eftirlitsmaður sveitarfélagsins við framkvæmdirnar er Vikar Vífilsson ásamt forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar.

Á meðan á framkvæmdum stendur er kennt í einbýlishúsi við Langanesveg 25, á efri hæð Kistunnar og í tónlistarskólanum í Þórsveri. Vonir standa til að hægt verði að losa einbýlishúsið fyrir upphaf skólaársins 2026/2027.

Aðrar framkvæmdir og verkefni

Búið er að gera bílastæði norðan við verslunina Kjörbúðina með hraðhleðslustöðvum. Eftir er að malbika stæðið. Stæðið er ætlað þeim sem eiga erindi í verslunina, hjúkrunarheimilið Naust og skrifstofu sveitarfélagsins og þeirrar þjónustu sem rekin er í því húsi að Langanesvegi 2. Ætlunin er að malbika þegar næg verkefni verða til malbikunar s.s. við sorpmóttökustöð og á fleiri stöðum. Mikill kostnaður fylgir því að malbika og því er verkefnum safnað saman.

Gerður hefur verið samningur við fyrirtækið „Landslag“ á Akureyri um gerð aðalskipulags en það sem er í gildi tekur til tímabilsins 2007 - 2027. Ekkert aðalskipulag var til fyrir Svalbarðshrepp en einstaka deiliskipulag fyrir Skeggjastaðahrepp. Vonast er til að þessari vinnu ljúki árið 2027.

Viðræður standa yfir við björgunarsveitina Hafliða um kaup á húsnæði þeirra við Fjarðarveg 2 og 4 og Arnarbúð á Bakkafirði. Sveitin hyggur á byggingu húss undir starfsemi sína við Háholt/Pálmholt en það er eina hverfið sem ekki hefur verið deiliskipulagt á Þórshöfn, fyrir utan Austurveg. Beðið er eftir því til að geta gengið frá samningum við Björgunarsveitina um málið. Þar eru einnig möguleikar á að gera lóðir undir íbúðarhús í halla til suðurs. Ennfremur er áætlað að gera veg milli Miðholts og Langholts og tengingu inn í Austurveg ef vilji er til þess.

Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps var selt til Tengis en það fyrirtæki hefur unnið að tengingu allra húsa á Þórshöfn við ljósleiðara.

Aðstaða slökkviliðsins hefur verið bætt verulega og á fjárhagsáætlun þessa árs er stækkun stöðvarinnar til að geta hýst allan búnað slökkviliðsins.

Framkvæmdir við hjúkrunarheimilið Naust hófust árið 2024 og lauk fyrsta áfanga á síðasta ári. Farið var í endurnýjun á annarri hæð hússins og það klætt að utan. Sá hluti er í raun eign sveitarfélagsins. Annar og þriðji áfangi bíða samninga við ríkið um yfirtöku á allri eigninni en ríkið á 45% í húsinu sem er nýjasti hluti hússins, þ.e. vesturálman þar sem gert er ráð fyrir stækkun á þeim hluta um 145m², endurnýjun eldhúss, og bætt starfsmannaaðstaða og setustofa sem aðskilin verður frá matsal. Þriðji áfangi er svo ný lyfta og breytingar á anddyri hússins. Það verður að segjast eins og er að samningar við ríkið um kaup þess á hlut sveitarfélagsins og þær framkvæmdir sem á eftir að fara í hafa ekki gengið vel þar sem fátt hefur verið um svör



hjá ríkinu þrátt fyrir loforð um yfirtöku á þeim hjúkrunarheimilum þar sem ríkið á meira en 15%.

Síðast en ekki síst þá urðu þáttaskil í orkumálum þar sem ákveðið var að leggja 33 kv. streng á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar og á teikniborðinu er ný 133 kv. lína á milli Kópaskers og Þórshafnar. Þetta var mikill sigur fyrir sveitarfélagið að geta sameinað orkufyrirtæki, orkuflutningafyrirtæki og fá stuðning orkumálaráðherra til að ljúka málinu. Gert er ráð fyrir að strengurinn á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar komist í gagnið innan tveggja ára en lengra er í línuna frá Kópaskeri. Þessar aðgerðir eru auðvitað bylting í búsetuskilyrðum í Langanesbyggð og tókst eftir þrautseiga baráttu margra.

Deildir

Skrifstofa Langanesbyggðar

Skrifstofa sveitarfélagsins annast verkefni sem snúa að stjórnslu, fjármálum og þjónustu við íbúa. Starfsmenn fylgja eftir lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins og sjá til þess að ákvörðunum sveitarstjórnar og nefnda sé framfylgt.

Skrifstofan sér um fjármálastjórnun sveitarfélagsins, þar á meðal bókhald, launavinnslu, áætlanagerð, greiðslur, innheimtu og álagningu gjalda. Einnig sinnir hún starfsmannahaldi, skjalavörslu og almennri stjórnslu ásamt því að veita deildarstjórum og öðrum stjórnendum til stuðnings í daglegum rekstri.

Skrifstofan annast einnig almenna afgreiðslu, upplýsingagjöf til íbúa og er tengiliður við fyrirtæki, stofnanir og aðra samstarfsaðila innan og utan sveitarfélagsins. Þá sér hún einnig um móttöku erinda, samskipti við opinbera aðila og ýmis verkefni tengd rekstri og þróun sveitarfélagsins.

Heildarkostaður við rekstur

Heildar rekstrarkostnaður skrifstofunnar árið 2025 var 139.533.751kr.

Af því var sameiginlegur kostnaður 26.722.416, nettó útgjöld 112.811.355 og annar kostnaður 29.455.559.

Þar af launakostnaður (einnig sem hlutfall af heildarkostnaði).

Launakostnaður 67.959.519

Launatengd gjöld 15.396.277

Samtals 83.355.796

Hlutfall launakostnaðar af rekstrarkostnaði er 59,7%



Helstu áskoranir í starfsemi.

Á skrifstofunni starfa 5 starfsmenn og starfssvið er mjög fjölbreytt. Við erum lítið sveitarfélag en þurfum samt sem áður að sinna sömu verkefnum og stór sveitarfélög. Þar sem við erum fá á skrifstofunni þá þurfa starfsmenn skrifstofunnar að sinna fjölbreyttari störfum heldur en starfsheitin gefa til kynna um og einnig er mikilvægt að starfsmenn geta stigið inn í störf hvors annars.

Okkar helsta áskoranir hefur verið þróun í tæknimálum en hún hefur verið mjög hröð síðustu ár, mikið um uppfærslur á tölvukerfum og starfsmenn þurfa sífellt að tileinka sér nýjungar. Mikið er um að sveitarfélög þurfi að fylgja ákveðnum stefnum og innleiðingum í tæknimálum sem henta oft á tíðum stærri sveitarfélögum frekar en þeim minni. Eftir að tæknimaður sveitarfélagsins lét af störfum þá tóku starfsmenn skrifstofunnar þau mál á sig með tilheyrandi álagi einkum vegna takmarkaðrar þekkingar á því sviði.

Varðandi húsnæði og vinnuástöðu þá má ýmislegt betur fara. Loftgæði eru slæm og hljóðvist mætti vera betri. Það þarf að fara í breytingar á kaffistofu og bæta aðbúnað starfsmanna.

Framtíðarsýn

Það má alltaf gera betur og er mín framtíðarsýn sú að við nýtum okkur tæknina enn betur til að koma upp betra skipulagi og gera samskipti milli deilda skilvirkari. Hægt væri að sjá verk í vinnslu, þjónustubeiðni eða beiðni á milli deilda, hafa yfirlit yfir umsóknir, samninga o.fl.

Gerður hefur verið samningur varðandi sólarhringsöryggisvöktun vegna aukinna netarása og eru viðræður í gangi varðandi þjónustusamning um tæknistjóra. Markmiðið með því er að fara yfir tækimál sveitarfélagsins í hverri deild fyrir sig og aðstoða sveitarfélagið við að innleiða lögbundin verkefni í tæknimálum.

Sveitarfélagið mun taka upp nýtt tímaskráningarkerfi í haust þar sem núverandi kerfi hefur ekki reynst nægilega vel. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn mundu fá góða kennslu á kerfið svo náist að halda vel utan um allar upplýsingar og áunnin réttindi starfsmanna.

Einnig er stefnt að því að fara í allsherjar breytingar á heimasíðu sveitarfélagsins í haust en verkefnastjóri Kistunnar hefur verið að skoða nýjar lausnir sem gera okkur kleift að stjórna betur uppsetningu heimasíðunnar, gera hana aðgengilegri og reyna að sameina sem flest lén sveitarfélagsins.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust

Naust er með 11 hjúkrunarrými og 3 dvalarrými. Naust býður uppá dagdvöl og heimsendan mat alla virka daga. Þjónustumiðstöð sér um útkeyrslu matar. Forstöðumaður og rekstrarstjóri sjá um allan rekstur á heimilinu. Auk þess sinnir forstöðumaður heimaþjónustu aldraðra tímabundið eða þar til annað hefur verið ákveðið og situr í úthlutunarnefnd félagslegra íbúða.

Naust er með samstarf við HSN.

3 hjúkrunarfræðingar skiptast á vöktum 4 virka daga í viku fyrir hádegi og sinna auk þess bakvöktum allan sólarhringinn.



Læknir kemur á stofugang einn dag í viku og sinnir auk þess bakvakt.

Naust er í samstarfi við bæði grunnskóla og leikskóla. Í hverri viku kemur ein deild í heimsókn sem er liður í félagsverkefni sem var hrundið af stað haustið 2025. Þjónustumiðstöð sér um að sinna viðhaldi og öðru tilfallandi fyrir húsið.

Starfsmenn:

Forstjóri= 100% staða

Rekstrarstjóri= 20% staða

Innkaupafulltrú (eldhús)= 17% staða

Iðjupjálfi = Tímastarfsmaður, almennt einn dag í viku

Ræstitæknir= 50% staða

Starfsmenn í aðhlyningu= 12 starfsmenn í 38% til 92% stöðum.

Matráðar = 2 í 100% stöðu

Tímastarfsmenn í aðhlyningu og eldhúsi = 4 starfsmenn (starfsmenn sem vinna annarsstaðar svo þeir sinna aðallega kvöld og helgarvöktum sem falla til)

Heildarkostnaður við rekstur var: 278.917.171 kr.

Þar af var launakostnaður: 189.261.019 kr.

Tekjur: 250.406.736 kr.

Þannig að tap varð á rekstrinum 2025 sem nam 28.510.435.-

Helstu áskoranir okkar í starfsemi Nausts árið 2025 voru starfsmannahald og vinnuaðstaða .

Í okkar starfsemi þarf alltaf að vera full mönnun. Svo að þegar það eru veikindi, frí eða annað þarf að kalla út á aukavaktir. Þetta hefur mikinn kostnað í för með sér og mikið álag á því starfsfólki sem sinna þessum útköllum. Ekki er mikið um aukafólk svo aðal álagið fer á okkar fasta fólk. Einnig er andlegt álag á starfsmönnum búið að vera gífurlegt vegna fráfalla íbúa og aukningu á íbúum með andleg vandamál.

Vinnuaðstaðan er ekki fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem er í húsinu. Margt er orðið úrelt og úr sér gengið. Vinnueftirlitið hafði ýmsar athugasemdir við úttekt nóvember 2024. Ráðist var í skýrslugerð og samþykkt var af sveitastjórn aukið fjármagn til umbóta á því sem hægt var þar til áætlaðar framkvæmdir fara af stað. Helstu áherslurnar voru eldhús, lager, lyfjaherbergi og starfsmannaaðstaða. Eldhúsið var tekið í gegn haustið 2025. Aðrar framkvæmdir verða unnar á vordögum 2026. Vinnueftirlitið kom í febrúar og fór yfir það sem búið er og þær áætlanir sem við höfðum gert og stóðumst við úttektina. Haft var orð á því að þeir tæku tillit til aðstæðna vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem hafa því miður frestast.

Framtíðarsýn

Við viljum leggja meiri áherslu á félagslega vellíðan íbúa. Við byrjuðum nýtt verkefni í febrúar á þessu ári. Samþykkt var að veita okkur aukið stöðugildi til þess að koma af stað félagsvöktum. Þessar vaktir eru hugsaðar til þess að mæta þörfum íbúa sem þurfa meiri félagslegan stuðning. Eins og til dæmis íbúar með Alzheimers, heilabilun, þunglyndi og svo framvegis. Oft þurfa þessir einstaklingar tíma einir með starfsmanni en án félagsvakta höfum við lítið svigrúm til



Þess að sinna því. En þar sem þessar vaktir eru kostur en ekki nauðsyn köllum við ekki út ef forföll verða í þessar vaktir eða nýtum þennan starfsmann í aðhlynningu ef vantar. Þessum vöktum er sinnt eingöngu af starfsfólki í aðhlynningu. Talsverð ánægja hefur verið meðal starfsfólks og íbúa með þetta framtak.

Við viljum leggja ríkari áherslu á að mennta og fræða starfsmenn okkar betur. Með hverjum nýjum íbúa koma nýjar áskoranir og oft er hægt að verða sér út um fræðsluefni í formi örnámskeiða eða netnámskeiða. Við þyrftum fjármagn í þetta og erum við að vinna í því að kanna hvaða styrki við getum fengið til þess og vonumst við eftir að sveitarfélagið geti stutt okkur í þessu verkefni.

Eitt af því sem við getum gert til að bæta starfsemi og vinnuástöðu á Nausti er að taka inn kerfi sem kallast Iðunn smáforrit- rauntímaskráning. Þetta er app í síma sem gerir okkur kleift að skrá niður mælingar, framvinnslunótur og haka í verkefni sem sinna þarf fyrir hvern íbúa á rauntíma. Þetta app er beintengt við Sögukerfið sem heilbrigðisstofnanir nota. Þar sem mikilvægt er að allar skráningar séu og létt og auðvelt að komast að þeim. Skráningar af þessu tagi auðvelda og stytta vinnu hjúkrunarfræðinga og alla skilvirkni svo um munar.

Þar sem Langanesbyggð er ekki með mannauðssvið þá tel ég æskilegt að rekstrarstjóri fari úr 20% í allavega 40%. Ásamt því að sjá um fjárhagshliðina á rekstrinum sinnir hún einnig starfi milli stjórnanda og er staðgengill forstöðumanns. Í erfiðum mannauðsmálum er alltaf betra að hafa tvo stjórnendur við borðið.

Leikskólinn Barnaból

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og byggir grunn undir alla síðari menntun. Markmiðið er að styðja við þroska hvers barns á öllum sviðum. Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins og í senn kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í gegnum leik læra börn um heiminn, þróa félagslega færni, leysa vandamál og efla sköpunargáfu sína. Leikskólinn er einnig þjónustuaðili og vinnur í nánú samstarfi við foreldra og styður við fjölskyldur í uppeldi og menntun barna sinna.

Leikskólinn á í miklu og góðu samstarfi við grunnskólann. Skólastjórnendur beggja skóla auk deildarstjóra stoðþjónustu mynda saman stjórnendateymi sem fundar vikulega. Samfella milli skólastiga er samstarfsverkefni þar sem verið er að tryggja góða og örugga færslu nemenda milli skólastiga. Leikskólinn hefur einnig tekið þátt í valönninni hjá unglíngastiginu og tekið á móti hópum einu sinni í viku á hverri valönn.

Gott samstarf er við Naust og fara elstu tveir árgangarnir einu sinni í mánuði þangað og hitta aldraða fólkið og njóta samvista með því.

Leikskólinn er frekar virkur í samstarfi sínu við Landlæknisembættið varðandi heilsuefandi leikskóla. Einnig við Landvernd varðandi grænfanavinnu.

Leiðbeinendur og kennarar eru 9 talsins í 8,7 stöðugildum. Einnig er afleysing vegna vinnustyttingar í tímavinnu, 24 klukkustundir á mánuði. Fjöldi barna á árinu var 21-26 börn.

Heildarkostnaður við reksturinn fyrir árið 2025 var 144,4 milljónir króna, sem var 16,4 milljónum umfram áætlun eða 12,8%. Helsta ástæða þessarar hækkunar er hækkun launa í



kjarasamningum, en einnig hækkun á raforku og vanáætlun í vinnu frá þjónustumiðstöðinni. Þá voru einnig hækkunar umfram áætlanir í hugbúnaðarþjónustu

Launakostnaður fyrir árið 2025 var 78 milljónir króna, sem er 24% hækkun miðað við fyrra ár. Hækkunin var 15,7% meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða 10,5 milljónir. Launatengdgiöld voru tæpar 19 milljónir svo heildarkostnaður launa var um 97 milljónir. Launakostnaður er 68% af heildarrekstrarkostnaði leikskólans fyrir árið 2025.

Faglegt starf hefur gengið mjög vel og starfsmannahald er mjög stöðugt. Starfsfólk hefur verið duglegt við að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða. Tvær útskrifuðust með meistaraþáttum í leikskólafræði sumarið 2025. Tveir leiðbeinendur sem hafa lokið leikskólalíðanami eru að sækja sér frekari menntun í gegnum fagháskólanám á vegum HA og HÍ. Þeir stefna á að ljúka námi vorið 2026.

Viðhald var töluvert á árinu. Leikskólinn var málaður að stærstum hluta (80%). Það sem ekki var málað var starfsmannaaðstaðan, tæknirýmið, eldhús og búr.

Fyrsti áfangi í endurnýjun leikskólalóðarinnar hófst á árinu, en ekki tókst að klára hann vegna vandræða með frárennsli/dren. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum 17. júní 2026 og hefja annan áfanga sumarið 2026. Mikilvægt er að leikskólalóðin verði kláruð að fullu á næstu árum. Einnig er það mikil áskorun að taka inn eins árs börn þar sem leikskólinn hefur ekki sérrými fyrir þann aldurshóp. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessa í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins. Áfram þarf að styðja vel við faglegt starf til að efla leikskólann okkar enn frekar.

Tækifæri er til að bæta samstarf milli deilda með virkari samskiptum. Halda mætti markvissari fundi með deildarstjórum, t.d. annan hvern mánuð. Deildarstjórar eru frekar afskiptir og engin starfsmannasamtöl fara fram. Meðan allt gengur vel er lítið samtal. Nauðsynlegt er að samræma verklag milli deilda, til dæmis við skráningu á fríi, veikindum og öðru slíku. Einnig væri eðlilegt að skrifstofa bæri ábyrgð á heimasíðum, þó að deildarstjórar setji inn efni og sinni sínum heimasíðum. Aðstoð vantar í tæknimálum, því mikill tími fer í úrlausn mála þar sem þekkingu skortir innan deilda. Þörf er á fræðslu eða upplýsingum um hvar starfsfólk getur sótt þekkingu á kerfum sveitarfélagsins, s.s. Tímon, Power BI og Business Central.

Slökkvilið Langanesbyggðar

Starfsemin felst helst í því að sinna útkallsþjónustu í brunum, bílslysum og eiturefnaslysum ásamt eldvarnaeftirliti þar á meðal loka og öryggisúttektum, sinna björgunarþjónustu á flugvelli þar sem bíll er í viðbragðstöðu við öll flug. Unnið er eftir reglugerð um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018.

Slökkviliðið er með samstarfssamninga við önnur slökkvilið um gagnkvæma aðstoð ef kemur til stórs atburðar. Einnig er slökkviliðið með samning við Vegagerðina um upphreinsun á vegum ef slys verða á vegum. SL er í samstarfi við Landhelgisgæslu á ratsjárstöð Gunnólfsvíkurfjalli. Æft er einu sinni á ári með þeim.

Slökkviliðið sinnir slökkvitækjaþjónustu í sveitarfélaginu en einnig kennslu á handslökkvitæki ef fyrirtæki hafa leitast eftir því.

Langanesbyggð sveitarstjórn

Ársskýrsla 2025 – gefin út í tengslum við ársreikning 2025



Fjöldi slökkviliðsmanna í dag eru 20 á útkallsskrá og voru 4 ráðnir á árinu 2025 þar af 2 konur og eru þau öll byrjuð í námi sem þau þurfa að taka og klára 2027. Ein útkallaseining samkvæmt reglugerð eins og þarf að hafa hér á Þórshöfn skal vera 21 sem á að vera hægt að kalla til á innan við 30 mínútum en helst ekki færri en 10 með reykkaðararéttindi hverju sinni. Hver slökkviliðsmaður þarf að æfa ekki sjaldnar en 4 tíma í mánuði við bætast svo 6 tímar í reykköfun á ári til að halda réttindum. Meðan verið er að mennta alla þá eru þetta mun fleiri tímar á ári, þetta eru 4 námskeið sem taka 30 tíma hvert og eitt.

Slökkviliðsstjóri

4 stjórnendur

16 slökkviliðsmenn

Árið 2025 var keyptur nýr tækjabíll sem er einnig með 1000 lítra af vatni, vel búinn bíll sem á eftir að nýtast vel.

Einnig var farið í breytingar á slökkvistöð sem náðist ekki að klára því miður, vegna skorts á iðnaðarmönnum en þær breytingar munu verða til góðs og bæta aðstöðu. Þegar þeim verður lokið næst að uppfylla kröfur um slökkvistöðvar að mestu. Stefnan er að klára 2026 viðbyggingu sem er nauðsynleg til að koma öllu fyrir.

Á árinu 2025 voru heildarútgjöld slökkviliðsins 69.861.496.-

Á móti komu tekjur að upphæð 13.558.000.-

Nettóútgjöld voru því 56.303.496.-

Launakostnaður var 46.159.000.-

Annar kostnaður 23.702.000

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var gert ráð fyrir að launakostnaður yrði 36.700.000.- Ástæða framúrkeyrslu á fjárhagsáætlun á launum 2025 skýrist aðallega á leiðréttingu á launaflokkum og einnig þurfti að greiða þrekálag og boðtækjagreiðslur 4 ár afturvírt.

Á árinu 2025 hættu 4 í liðinu og þurfti að ráða 4 nýja inn sem kostaði auka nám og að galla þau upp. En heppnin var með okkur við ráðningu þessa nýja fólks og þarf slökkviliðið að halda vel utan um þau. Í dag þarf að greiða að lámarki 10 mönnum þrekálag vegna reykköfunar sem er 36.271 kr. á mánuði ásamt að greiða boðtækjagreiðslur sem eru til allra slökkviliðsmanna hvern mánuð sem eru 5.400 kr.

Haldin var stór flugslysaæfing í september sem tókst vel og nauðsynlegt að æfa sem einnig nýtist vel ef stórt umferðaslys verður. Svona æfing nær yfir 3 daga og koma margir viðbragðsaðilar að henni. Æfingin var skipulögð af ISAVIA innalands.

Farið var 210 sinnum á flugvallarvakt. Tvisvar kallað út vegna gruns um eld sem reyndust vera bændur að brenna rusl. Einnig var nokkrum sinnum farið í ýmis verkefni í skolphreinsun og þrif, öryggis og loka úttektir og eldvarnaskoðanir. Einnig bjóðum við uppá sápurennibraut á bæjarhátíð.

Eins og áður kemur fram, var þessi framúrkeyrsla í launum en litið við henni að gera vegna hækkunar launa og annars sem koma fram hér á undan. Hinsvegar var framkvæmdafé til endurbóta ekki allt nýtt.



Þjónustumiðstöð Langanesbyggðar

Undirdeildir Þjónustumiðstöðvar eru :

Flugvöllur - Þórshafnarhöfn – Bakkafjarðarhöfn – Vatnsveita – Fráveita- Sorpmóttaka

Opnunartími deilda:

***Þjónustumiðstöð** 08:00 – 16:00 virka daga

***Hafnir** 08:00 – 18:30 virka daga / Laugardaga 13:00 – 17:00
(Útköll eftir opnunartíma)

/**Flugvöllur** 07:50 – 12:00 Mánudag, Þriðjudag og Fimmtudag.
/ Föstudaga og Sunnudaga 13:00 – 17:15

***Sorpmóttökustöð** 15:00-17:00 Mánudaga, Miðvikudaga & Föstudaga
/ Laugardaga 13:00-15:00

Helstu verkefni

Þjónustumiðstöð: Starfsemi Þjónustumiðstöðvar er fjölbætt og snýst að mestu um að þjónusta og sinna viðhaldi, vörulager og vörusölu til annara deilda í Langanesbyggð: grunnskóla, leikskóla, dvalarheimili, Íþróttamiðstöð, Kistunni, skrifstofu, slökkviliði, félagsheimili, sorpmóttökusvæði, íbúðum eldri borgara, eignum jarðasjóðs og tjaldsvæði ásamt undirdeildum Þjónustumiðstöðvar. Einnig sér hún um að stýra snjómokstri á Þórshöfn og er samningur við Vegagerðina um að stýra helmingamokstri í sveitum ásamt mokstri á aðalgötu.

Í júní byrjar vinnuskólinn ásamt sumarstafsmönnum til að sjá um garðslátt og slátt á opnum svæðum ásamt öðrum tilfallandi sumarverkefnum

Fráveita: Endurnýjun á eldri lögnum sem og lagning nýrra við nýbyggingar. Uppfæra og laga teikningar af fráveitu eftir breytingar ásamt stíflulosun sem myndast í stofnlögnum Langanesbyggðar.

Vatnsveita: Endurnýjun á eldri vatnsleiðslum sem og lagning nýrra við nýbyggingar ásamt endurnýjun á inntakskrönum. Uppfæra og laga teikningar eftir breytingar.

Hafnir: Allt viðhald tengt hafnarstarfsemi, skráning og vigtun sjávarafila, rafmagnsálestur og móttaka flutningsskipa ásamt vöktun þegar við á.

Flugvöllur: Flugradiómaður hefur samskipti við flugmenn á landingartímum ásamt því að lesa inn veður á heila tímanum. Almennt viðhald og umsjón með flugstöð og flugbraut.

Sorpmóttaka: Flokkun og skráning sorps sem kemur á móttökustöð.

Í Þjónustumiðstöð starfa 6 manns yfir árið

Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar – Þorri Friðriksson

Langanesbyggð sveitarstjórn

Ársskýrsla 2025 – gefin út í tengslum við ársreikning 2025



Staðgengill forstöðumanns – Björn Müller

Hafnarvörður Þórshöfn – Stefán Þorgeir Halldórsson

Hafnarvöður Bakkafirði – Þorbergur Ægir Sigurðsson

Flugradiómaður – Hallsteinn Stefánsson

Almennur starfsmaður – Unnar Gamalíel

Á sumrin bætast við

Flokkstjóri – 1 – 2 störf

Vinnuskóli – Breytilegt 0-15 störf

Sumarstafmenn – 4 störf

Umsjón tjaldsvæðis – 1 starf

Launkostnaður 2025

Laun - **73.499.682 kr.**

Laun og launatengd gjöld - **90.849.853 kr.**

Rekstur 2025

Annar rekstrarkostnaður Þjónustumiðstöðvar árið 2025 var **21.969.713 kr.**

Framtíðarsýn Þjónustumiðstöðvar

Áhaldahúsið er starfstöð Þjónustumiðstöðvar og má segja að það húsnaði sé löngu sprungið og þörf fyrir að skoða nýtt húsnaði á nýjum stað þar sem lóðin býður ekki upp á stækkun. Hver einasti fermetri í húsinu er nýttur, það þarf lager fyrir vatnsveitu, fráveitu, hafnir, rekstrarvörur og margt fleira sem fylgir deildum Langanesbyggðar. Flugvöllurinn er sú deild sem álitamál er hvort að eigi heima inni Þjónustumiðstöð. Samningur er við Isavia um að Langanesbyggð sjái um reksturinn og er þetta eini flugvöllurinn á landinu sem ekki er rekinn af Isavia. Sveitarfélagið mun hefja viðræður við Isavia um að þeir taki við rekstri flugvallar og að Flugradiómaður verði 100% stöðugildi eins og á Vopnafirði. Núverandi samningur við ISAVIA rennur út um áramótin 2026/2027.

Grunnskólinn á Þórshöfn

Helstu verkefni grunnskólans er annars vegar að skipuleggja og sinna kennslu í samræmi við námskrá, efla félagsfærni og vellíðan nemenda og hins vegar að tryggja öruggt og hvetjandi námsumhverfi. Til viðbótar sinnir skólinn ýmsum hliðarverkefnum, svo sem foreldrasamstarfi, tómstunda- og félagsstarfi og þróunarverkefnum.

Nemendafjöldi árið 2025 var 55, nemendur eru í 1. -10. bekk.

Fjórir skólabílar komu að akstri skólabarna úr dreifbýli:

Leið	Nemendur	/annað
Langanes	2	
Langanesströnd	1	að óbreyttu verður þessi bíll ekki næsta skólavetur
Þistilfjörður	16	tveir bílar

Frístund/Lengd viðvera

Mánudaga til fimmtudaga frá 13.00 til 16.00 – fjöldi barna 17



Starfsmannamál

Stöðugildi grunnskólans, skólabókasafns, frístundar og Tónlistarskóla Langanesbyggðar er 15.

Stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Síðustu árin hafa verið við kennslu leiðbeinendur sem eru í kennaranámi við Háskólann á Akureyri.

Áskoranir

Helstu áskoranir í starfseminni árið 2025 var myglan í grunnskólanum. Áhyggjur af áhrifum hennar á heilsufar nemenda og starfsfólks sem og húsnæðismál. Eftir staðfestingu á myglu tók við mikil skipulagsvinna varðandi húsnæðismál því ljóst var að eftir staðfestingu á myglu í nær öllu húsnæðinu yrði það ekki nýtt til kennslu að óbreyttu. Smíðastofan var eini hluti gamla skólans sem nýttur var í vetur.

Starfseminni var dreift á eftirfarandi staði:

Yngsta stig Þórsver Langanesvegur 16a

Miðstig Brimholt Langanesvegur 25

Elsta stig Kistufell Fjarðarvegur 5

Frístund Ver Langanesvegur 18

Tónlist Ver Langanesvegur 18

Rekstur

Heildarkostnaður við reksturinn

Grunnskóli	246.134.136
Tónlistarskóli	14.134.731
Frístund, ávextir, mötuneyti	19.037.477

Þar af launakostnaður

Grunnskóli	174.203.609	70 % af heildarkostnaði
Tónlistarskóli	9.339.735	66% af heildarkostnaði
Frístund	6.511.732	

Skólaveturinn 2026-2027

Að öllu óbreyttu fækkar um einn skólabíl, það er bíllinn sem kemur frá Bakkafirði.

Breyting verður á kennslufyrirkomulagi í Tónlistarskóla Langanesbyggðar í haust. Fengnir verða stundakennarar og/eða verktakar og mun kennslan fara fram í fjarnámi að hluta til eða að öllu leyti. Kaupa þarf búnað fyrir fjarkennslu. Það verður áskorun að vekja aftur upp áhuga á námi í tónlistarskólanum, aðeins tveir nemendur stunda nám þar vorönn 2026, venjan er 15-25 nemendur.

Húsnæðismál

Eftir vorönn 2026 losum við Brimholt (Langanesveg 25) og segjum upp leigu á því húsnæði, einnig losum við Þórsver. Nemendur á yngsta- og miðstigi fara í haust í grunnskólahúsnæðið.

Langanesbyggð sveitarstjórn

Ársskýrsla 2025 – gefin út í tengslum við ársreikning 2025



Þórsver munum við mögulega nota fyrir frístund. Frístund hefur haft aðstöðu í vetur á efstu hæð íþróttahúss en það rými var upphaflega ætlað sem félagsmiðstöð unglunga.

Elsta stig (8.-10.) verða áfram næsta skólavetur í Kistufelli.

Skólaárið 2025-2026 voru 54 nemendur í skólanum en útlit er fyrir fækkun og gerum við ráð fyrir 47 nemendum skólaárið 2026-2027

Annað

Traust og gott samstarf hefur verið við allar deildir Langanesbyggðar. Það mætti þó hafa fleiri deildarstjórafundum með markvissri vinnu, t.d. þar sem deildarstjórar geta samræmt reglur, venjur, áætlanir og ýmislegt fleira.

Uppfæra mætti stefnur og áætlanir Langanesbyggðar og útfæra með þeim hætti að þær eigi við allar deildir svo hver deild þurfi geti nýtt sér þær.

Skólastjórar leik- og grunnskóla ásamt deildarstjóra stoðþjónustu funda vikulega. Samstarfs leik- og grunnskóla var tekið til endurskoðunar í vetur og eru fleiri nemendaheimsóknir á milli skóla nú en áður.

Ánægjulegt samstarf við Naust hófst síðastliðið haust og fara nemendahópar frá grunnskóla þangað í heimsókn einu sinni í viku, þrjár vikur í mánuði.

Starfsfólk þjónustumiðstöðvar bregst ávallt fljótt við þegar til þess er leitað og jákvæðni og fagmennska er þar í fyrirrúmi. Deildarstjóri íþróttahússins hefur sinnt sundkennslu í vetur. Jafnframt hefur skólinn fengið að nýta efstu hæð hússins fyrir frístund og tónlistarskóla. Við kunnum vel að meta það.

Eins og sjálfsagt hjá flestum deildarstjórum þá bætast bara við verkefni en önnur fara ekki, vinnudagurinn er oft ansi langur. Árið 2025 bættust tvö tímafrek verkefni á deildarstjóra/skólastjóra. Það er húsnæðismálin, bæði leit og skipulag við nýja staði fyrir komandi skólaár og í framhaldi af því þátttaka í vinnu við „nýbyggingu“, hvað sem verður. Hitt verkefnið er að vera fulltrúi Langanesbyggðar í Farsældarráði Norðurlands eystra, þar eru reglulegir fundir og heimavinna á milli funda.

Metnaður og jákvæðni hefur verið í sveitarstjórn að mati skólastjóra og Fræðslu- og velferðarnefnd gagnvart skólanum og getur Grunnskólinn á Þórshöfn því boðið upp á góða þjónustu. Það var ánægjulegt að sjá hvað sveitarstjórn og sveitarstjóri tóku strax af skarið varðandi mygluna í grunnskólanum.

Ég get bæði sagt að það sé gott að búa í Langanesbyggð og að það sé gott að vinna hjá Langanesbyggð.

Íþróttamiðstöð – íþrótt- og æskulýðsmál.

Langanesbyggð á og rekur íþróttamiðstöðina á Þórshöfn (VER) og hefur gert frá því að hún var tekin í notkun árið 1999. Í íþróttamiðstöðinni má finna 33 x 22 metra íþróttasal sem er



búinn öllu því helsta sem þarf til íþróttakennslu og almennrar íþróttaiðkunar en auk þess er þar prýðileg heilsuræktaraðstaða sem er vel nýtt af íbúum og öðrum gestum sem staðinn sækja. Í suðurenda hússins er 16,6 metra löng innanhúslaug og tveir heitir pottar ásamt gufubaði og infrarauðum sauna klefa. Yfir sumartímann gegnir íþróttamiðstöðin einnig hlutverki upplýsingamiðstöðvar fyrir sveitarfélagið ásamt því að styðja við rekstur tjaldsvæðis með ýmissi þjónustu við þá gesti sem þar dvelja. Yfir vetrartímann litast starfsemin að miklu leyti af skólahlaldi og þjónustu við skólana á svæðinu en innan veggja íþróttamiðstöðvarinnar fer fram kennsla í skólaíþróttum, skólasundi, heimilisfræði, heilsurækt og þetta skólaárið deildu frístund og tónlistarskóli rými á efstu hæð hússins vegna sérstakra aðstæðna sem höfðu áhrif á skólahlald.

Helstu verkefni

Helstu verkefni starfsfólks íþróttamiðstöðvarinnar snúa að almennri þjónustu við viðskiptavinum, öryggis- og laugargæslu auk þrifa en meðal annarra verkefna mætti nefna skráningu og utanumhald á gestakomum og aðgangsmál. Auk þess vakta þau vélbúnað sundlaugar, sinna daglegu viðhaldi hans og tryggja heilnæmi og hitastig sundlaugarvatns.

Í íþróttamiðstöðinni starfa þrjú starfsmenn yfir vetrartímann en fjölga um tvo þegar sumaropnun tekur gildi en þá er opið alla daga vikunnar auk þess sem opnunartími um helgar rýmkar.

Heildarkostnaður málaflokksins „Eskulýðs og íþróttamál“ er 102 m.kr. og tekjur af íþróttamiðstöðinni 16,8 m.kr. Laun og launatengd gjöld 44,7 m.kr. Annar kostnaður 40,5 milljónir.

Áskoranir

Helstu áskoranir í starfseminni snúa að báglegu ástandi húsnæðisins og uppsafnaðri innviðaskuld. Þó ýmis góð skref hafi verið stigin á síðustu árum, til að mynda uppsetning á varmadælum, þá er enn ekki svo að hægt sé að ganga að skaplegu hitastigi vísu í öllum hlutum hússins og þá síst á neðstu hæð yfir vetrartímann en þar eru einmitt búningsklefar. Það skal þó tekið fram að ástandið hefur batnað til muna á undanförunum árum í kjölfar uppsetningar á varmadælum og úrbótum á einangrun í kring um íþróttasal. Loftslag í sundlaugarrými hefur tekið stakkaskiptum til hins betra við komu varmadæla og loftþurrkara í sundlaugarrýmið en hinsvegar verður ekki horft fram hjá því að sundlaugin sjálf er komin til ára sinna og liggur fyrir að dúkurinn sé að nálgast lok líftíma síns. Botnlýsing sundlaugarinnar hefur verið óvirk um ára skeið og endurnýjun hennar þarf að fara fram samhliða lagningu nýs dúks í kerfið. Botnlýsingu er ekki bara ætlað að fegra ásýnd laugarinnar því hún er í raun mikilvægt öryggistæki þar sem hún vinnur á móti glampa á yfirborði laugar og bætir yfirsýn öryggisvarða yfir botn laugarinnar.

Sömu sögu má segja um gólf íþróttasalar þar sem farið er að sjá á yfirborði og þörf á viðhaldi burðarvirkis þess á nokkrum stöðum. Slíkt viðhald er inngrípsmikið og getur einungis farið fram í samfloti við lagningu nýs gólfefnis.

Sé horft til framtíðar væri óskandi að korthöfum héldi áfram að fjölga og að sem flestir íbúar í Langanesbyggð sæju góða fjárfestingu í að eiga heilsárs aðgang að íþróttamiðstöðinni og öllu



Því sem hún hefur upp á að bjóða. Þessu til grundvallar gæti margt komið til og má þar á meðal nefna:

Framtíðarsýn

*Áframhaldandi uppbyggingu á innviðum í heilsuræktarsal. Þar fer plássleysi að vera sá þáttur sem er hvað mest takmarkandi en endurnýjun/útskipti á þoltækjum ætti að vera í forgangi næsta misserið þar sem sú deild er hvað helst komin til ára sinna en að því loknu verður orðið vandkvæðum bundið að bæta við búnaði án þess að losa sig við annað nema rými yrði aukið með einhverjum hætti.

* Nútímavæðing sundlaugarrýmis og aðstöðu. Sundlaugarmenning á Íslandi er í sífelltri þróun og undanfarin ár hefur orðið meira vart við auknar áherslur á ýmiskonar viðburðahaldi í sundlaugum landsins auk þess sem menning fyrir gufuböðum, saunu, infrarauðum saunum og köldum böðum hefur verið að ryðja sér til rúms á landsvísu. Uppbygging slíkrar aðstöðu hér í íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn myndi styðja við fjölbreytta sundlaugarmenningu og tóna vel við aðrar áherslur í uppbyggingu á heilsuræktaraðstöðu enda er áreynslan sjálf aðeins önnur hliðin á peningnum til móts við endurheimt, þar sem svo heilsufarsávinningurinn kemur fram í kjölfarið. Endurbætt gufubað, uppsetning saunutunnu utan sundlaugarrýmis, nútímaleg infrarauð sauna og köld ker ásamt heitum potti utandyra og jafnvel lítil æfingaaðstaða hljómar draumi líkast og myndi vafalaust verða til aukinnar aðsóknar. Hvað viðburðahaldið varðar þá er gaman að geta þess að íþróttamiðstöðin mun í samstarfi við Kistuna standa fyrir Samflotsviðburðum á árinu og vonandi verður það vísir að einhverju meiru til framtíðar og innlegg til fjölbreyttari sundlaugamenningar á svæðinu. Við erum alltaf opin fyrir nýjum hugmyndum og hvetjum viðskiptavinum til að viðra sínar hugmyndir við okkur.

* Eins og staðan er í dag þá er íþróttamiðstöðin einungis opin alla daga vikunnar þegar sumaropnun er í gildi en þá er opnunartími um helgar einnig ögn rýmri. Yfir veturinn er lokað á sunnudögum. Þó svo að við leggjum okkur sérstaklega fram við að hafa opið sem flesta daga þegar kemur að hátíðis- og tyllidögum svo að íbúar sem eru í fríi hafi kost á að nýta aðstöðuna þá er alveg ljóst að það væri hægt að bæta í á þessu sviði en til þess þyrfti fleira starfsfólk og stöðugildi. Hvort mikill ávinningur yrði af því yrði svo að koma í ljós en það er allavega alveg ljóst að þarna er rúm til að bæta í og auka þjónustu við íbúa sé til þess vilji.

Önnur starfsemi

Innan veggja íþróttamiðstöðvarinnar starfar fjöldi sjálfsprottinna hópa líkt og spinninghópurinn, íþróttaskóli smáfólksins, badmintonið og blakið sem hefur verið í örur vexti þennan veturinn. Ungmennafélag Langnesinga heldur úti myndarlegri æfingadagskrá og skólarnir nýta alla aðstöðu sem húsið hefur upp á að bjóða. Góð þjónusta við þessa hópa og uppbygging á þeirri aðstöðu sem þarf til að þeir dafni er lykilatriði þegar horft er til framtíðar.

Íþróttamiðstöðin er og verður áfram kjörinn vettvangur til að sinna heilsueflingu eldri borgara og það má hafa hugfast við frekari uppbyggingu aðstöðunnar að tækjabúnaður og aðgengi að húsinu sé á þann veg að það henti þeim hópi sem best.

Það hefur verið verulega ánægjulegt að sjá hve mikil notkunin á húsinu hefur verið þennan veturinn og næsta haust mun félagsmiðstöð ungmenna taka formlega við sínu eigin rými á efstu hæð hússins og verður þá langdreginn húsnæðisvandi þeirrar starfsemi vonandi leystur og



kominn í betri farveg með öllum þeim möguleikum sem það fyrirkomulag býður upp á, líkt og óformlegri opnun eftir skóla og möguleika á að koma á félagsstarfi fyrir yngri börn í 5.-6. bekk.

Önnur starfsemi sveitarfélagsins og tengd verkefni

Kistan: Kistan er þekkingar- og þróunarsetur sem starfrækt er í húsi (Kistufell) sem áður hýsti Sparisjóð Langnesinga og síðar Landsbankann. Sveitarfélagið keypti húsið árið 2022 til að koma á fót þróunarsetri. Þar er mjög góð aðstaða fyrir fjarvinnu og sér skrifstofur sem leigðar eru út til lengri eða skemmri tíma. Einnig er í húsinu íbúð á efri hæð þar sem hægt er að fá leigt herbergi fyrir þá sem vinna fjarvinnu. Nú sem stendur er íbúðin notuð sem kennslurými á meðan á viðgerðum stendur við grunnskólann.

Gerður var rekstrarsamningur við Þekkingarnet Þingeyinga sem sér um reksturinn. Starfsfólk Þekkingarnetsins hefur þar aðsetur en framkvæmdastjóri Kistunnar er ráðinn af Þekkingarnetinu í samráði við sveitarstjóra. Framkvæmdastjóri sinnir ýmsum verkefnum fyrir sveitarfélagið á sviði markaðsmála, atvinnumála, tölvutengd verkefni og væntanlegri fjarvinnslustöð á Bakkafirði. Framkvæmdastjóri hefur einnig séð um umsóknir tengdar verkefnum í sveitarfélaginu í samvinnu við verkefnastjóra innviða. Sveitarfélagið greiðir laun framkvæmdastjóra. Sótt er um styrki til ýmissa verkefna sem tengjast starfsemi sveitarfélagsins. Yfirleitt er sótt um í nafni sveitarfélagsins þar sem það á við og þá notuð kennitala sveitarfélagsins.

Eignir á Bakkafirði: Við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps árið 2006 varð til sveitarfélagið Langanesbyggð. Byggðakjarninn er Bakkafjörður þar sem aðallega er stunduð smábátautgerð. Sveitarfélagið á eignir á Bakkafirði sem eru skólahúsnæðið, fyrrum verslunarhúsnæði kaupfélagsins og einnig er við skólann tjaldsvæði sem leigt er út ásamt öðrum eignum. Leigutaki leigir gistaðstöðu í skólanum, rekur veitingahús og smáverslun í gamla kaupfélagshúsinu og tjaldsvæðið. Í hluta skólahúsnæðisins hefur verið komið á laggirnar fjarvinnslustöð sem verður undir stjórn Kistunnar á Þórshöfn. Einnig hefur sveitarfélagið skrifstofuaðstöðu í skólanum. Fundir hverfisráðs Bakkafjarðar eru haldnir á staðnum og sveitarstjóri hefur viðveru eftir þörfum á skrifstofu í skólanum.

Íbúar hafa frían aðgang að samkomusal sem er í skólanum og nýta hann fyrir samkomur á Bakkafirði í samvinnu við leigutaka. Sérstakur samningur er um leigu eignanna og þar er ákvæði um aðgang íbúa að samkomusalnum.

Þórsver: Félagsheimilið Þórsver er í eigu sveitarfélagsins sem leigir það út sem veitingastað. Í samningi um leigu er kveðið á um frían aðgang sveitarfélagsins og ýmissa félagasamtaka í Langanesbyggð að húsnæðinu. Þeir sem nýta salinn geta komið með veitingar, séð um þrif og undirbúning en leigutaki tekur einnig að sér að selja veitingar, undirbúa og þrifa eftir samkomur gegn gjaldi.

Í félagsheimilinu er einnig skólamötuneyti fyrir grunnskólann og leikskólann. Nemendur grunnskólans matast á staðnum en ekið er með mat í leikskólann.

Pósthúsið: Þegar leggja átti niður pósthúsið á Þórshöfn tókust samningar á milli Íslandspósts og Langanesbyggðar um að sveitarfélagið tæki að sér reksturinn og að starfsfólk póstsins yrðu starfsfólk sveitarfélagsins. Fyrir þessa þjónustu, leigu á húsnæði í Kistunni og starfsfólk greiðir



Íslandspóstur samkvæmt samningi ákveðna upphæð á mánuði. Sú upphæð er vísitölutryggð. Ákveðið var af þáverandi sveitarstjórn að ganga til þessa samnings vegna fjarlægðar frá dreifingarstöð sem er á Húsavík. Pósturinn hefur einnig komið upp pósthólfum við verslunina þar sem íbúar geta sótt sendingar eftir lokun pósthússins. Greiðslur frá Íslandspósti hafa staðið undir rekstrinum að miklu leyti tekjur og gjöld verið í jafnvægi.

Lokaorð – framtíðarverkefni

Það þarf ekki að draga neinn dul á það að mörg stærri og smærri verkefni eru framundan fyrir utan þau sem nú þegar eru í gangi.

Viðhald: Það er eðlilegt í öllum rekstri að til viðhalds fasteigna fari 1,5 – 2% af fasteignamat eignar á ári. Því yngri sem eignirnar eru því minna viðhald og öfugt, því eldri sem eignirnar eru því meira viðhald.

Slökkvilið: Aðstaða slökkviliðsins hefur verið bætt verulega með kaupum á nýjum bíl og endurnýjun á aðstöðu slökkviliðsmanna. Á fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir 12 milljónum til viðbyggingar við stöðina þannig að allur búnaður geti verið innanhúss. Nokkrar tafir hafa orðið á framkvæmdum sökum skorts á iðnaðarmönnum.

Skrifstofur: Nýjar skrifstofur sveitarfélagsins voru teknar í notkun í október 2021 og bættu aðstöðu til muna þar sem mygla var komin í eldra húsnæði við Fjarðarveg 3. Vandamál hafa verið með loftræstingu sem ekki hefur tekist að finna lausn á og sömuleiðis voru varmadælur rangt settar upp og reynt að gera við það, því miður ekki af þeim sem setti þær upphaflega upp. Þeir neita allir ábyrgð á dælunum. Þetta er ekki bráður vandi en þarf að finna lausn á. Mjög þurrt loft er á skrifstofum af þessum völdum.

Grunnskólinn: Hér á undan í kafla um framkvæmdir var gerð grein fyrir stöðu mála varðandi grunnskólann og vísast í hann varðandi skólann. Í þeim málum er allt opið fyrir nýja sveitarstjórn að breyta áformum sem nú þegar liggja fyrir frá starfshópi sem vann að undirbúningi. Leitast hefur verið við að reyna að kosta sem mestu úr sveitarsjóði og minnka þar með lántöku sem þó þarf óhjákvæmilega að fara í á þessu eða næsta ári. Fyrir liggur óháð greiðslumat fyrir láni allt að 750 milljónir króna sem vonandi þarf ekki að nýta til fulls. Vegna þess ástands sem kom upp í skólanum var framkvæmdum við skólalóðina slegið á frest á síðasta ári og þær teknar út úr fjárhagsáætlun með viðauka. Hinsvegar hafa nokkur tæki verið keypt sem bíða lokafrágangs skólans og lóðarinnar.

Leikskólinn Barnaból: Nýr leikskóli var tekinn í notkun árið 2019. Húsnæðið hefur reynst vel að flestu leyti og er vísað til orða leikskólastjóra hér á undan varðandi bygginguna. Ekki var lokið við skólalóðina við byggingu skólans en á síðasta ári hófust loks framkvæmdir við lóðina og gert ráð fyrir að þeim ljúki á þessu ári. Upp komu vandamál varðandi dren þar sem lóðin liggur lágt og er verið að finna lausn á því.

Höfnin: Um málefni hafnarinnar er einnig gerð grein fyrir stöðu mála í kafla um framkvæmdir hér á undan. Það. Því er við að bæta að gert var ráð fyrir 133 milljónum á þessu ári til efniskaupa vegna trébryggju og fyrir styrkingu löndunarbyggju en Vegagerðin greiðir 65% af kostnaði við löndunarbyggjuna. Heildarkostnaður við trébryggju og nýja aðkomu er áætlaður um 270 milljónir króna. Sækja þarf sérstaklega um framlag vegna þessa úr hafnarbótasjóði. Á fundi



með atvinnumálanefnd Alþingis var komið á framfæri óskum um framlög úr hafnarbótasjóði sem Vegagerðin hefur umsjón með.

Fráveita og vatnsveita: Stór hluti fráveitukerfis á Þórshöfn er kominn til ára sinna og farið að bera á tregðu í kerfinu. Sérstaklega á þetta við fráveitu frá Ísfélagi, svokallað Súez sem annar ekki vinnslunni hjá Ísfélaginu þegar umsvif eru sem mest. Hvað vatnsveitu varðar liggur aðeins ein leiðsla frá vatnsverndarsvæði og til að auka öryggi vatnsveitunnar þyrfti aðra leiðslu í viðbót. Hægt er að sækja um styrki til verkefna á sviði fráveitu og vatnsveitu.

Hjúkrunarheimilið Naust: Brýnasta verkefnið er að gefa út afsal til ríkisins fyrir 45% hlut í heimilinu (Fjármálaráðuneytið og lögmaður Samband ísl. sveitarfélaga sem verið hefur okkur innan handar en það er Saga Guðmundsdóttir) í framhaldi af því að semja um afhendingu á starfseminni til ríkisins. Þau sveitarfélög sem það hafa gert hafa ekki þurft að sæta þess að starfsemin flytjist burt þar sem mikill skortur er á hjúkrunarrýmum um allt land.

Gatnagerð: Nokkur brýn verkefni liggja fyrir í gatnagerð. Ber þar fyrst að nefna lengingu Háholts og frágang nýrrar götu, Marholts ásamt nýjum götum í hverfinu Pálmholti sem verið er að deiliskipuleggja. Bakkaveg, a.m.k. í suður frá húsi Geirs ehf. þarf að fræsa og malbika. Þá eru Sunnuegur, Vesturvegur og Austurvegur götur sem eru illa farnar. Nota þarf tækifærið þegar farið verður í malbikun svæðis við sorpmóttökustöð og bílastæði við Kjörbúðina og ef til vill á vegum Ísfélags að safna saman verkefnum til að fá hagstæðara tilboð í malbikun.

Þjónustumiðstöð: Eins fram kemur hjá forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar er húsnæði hennar löngu sprungið og þörf á stærra húsnæði. Ýmsar tillögu hafa verið ræddar en engin ákvörðun liggur fyrir um hvernig þessi vandi verði leystur.

Húsnæðismál: Góður árangur náðist í húsnæðismálum þar sem 6 íbúðir voru fullbúnar á kjörtímabilinu og þrjár eru í smíðum. Við fullbúnar götur eru 5 lóðir eftir, við Langanesveg 17-19 a og b og við Fjarðarveg 21. Þegar hefur verið sótt um lóð við Langanesveg 17b. Deiliskipulag fyrir Pálmholt er á lokaspretti þar sem nokkrar raðhúsa-, parhúsa- og einbýlishúsalóðir verða. Þá er tilbúið skipulag suðurbæjar en gatnagerð þar er stórt verkefni. HMS hefur gert athugasemdir við tölur um húsnæðisþörf, að þær hafi verið ofmetnar í samanburði við fjölgun íbúa en í ljós hefur komið að svo var ekki. Þó íbúafjöldinn endurspeglir það ekki var þörf á leiguíbúðum sem Brák byggði og hyggur á byggingu annars raðhúss við Miðholt 20-26.

Íþróttamiðstöð: Að lokum er það stóra verkefnið, endurbætur á íþróttahúsinu. Þegar fráfarandi sveitarstjórn tók við var ákveðið að leggja megin framkvæmdina á ís enda horfur í efnahagsmálum slæmar, vextir háir og sveitarfélagið rekið á yfirdrætti. Kostnaður þá var áætlaður 480 milljónir króna. Ákveðið var að draga verulega úr framkvæmdum og rétta af stöðu sveitarsjóðs. Það tókst og staðan er þokkaleg miðað við þau verkefni sem nú þegar eru í gangi.

Framtíðin: Það breytir ekki þeirri staðreynd að mörg og brýn verkefni eru fyrir höndum. Ég læt hjá líða að ræða Finnafjarðarverkefni og vindmyllur í þessari skýrslu þar sem gera má ráð fyrir að þau verkefni verði ekki að veruleika í tíð komandi sveitarstjórnar og afstaða komandi sveitarstjórnar liggur ekki fyrir nema í stefnuskrá fráfarandi sveitarstjórnar. Til þess að koma því á skrið er of langt í land við mótun verkefnisins þó það hafi verið 15 ár í vinnslu. Árið 2024

Langanesbyggð sveitarstjórn

Ársskýrsla 2025 – gefin út í tengslum við ársreikning 2025



fékk sveitarfélagið styrk frá innviðaráðuneyti til að ráða verkefnastjóra innviða sem Gunnar Már Gunnarsson starfsmaður SSNE hefur sinnt af mikilli eljusemi. Nú mun hann láta af störfum þar sem hann verður forseti bæjarstjórnar Akureyrar. Á hans borði hafa verið orkumál, friðun Langaness, Finnaþjóðarverkefni, atvinnumál og ýmis þjónusta sem telst hluti innviða. Nú hefur þetta verkefni verið fært út og nær nú frá Öxarfirði til Vopnaþjóðar og innviðaráðuneytið styrkir það en verkefnið sjálft er undir stjórn SSNE.

Nokkur verkefni hafa ekki klárast vegna anna á skrifstofu. Í fyrsta lagi er það úttekt á stjórnsýslu sveitarfélagsins sem fyrirtækið Strategía tók að sér að vinna og vonandi verður það tekið upp í næstu sveitarstjórn. Annað er ýmis stefnumótandi vinna eins og þjónustustefna sem á eftir að fara fyrir íbúafund og samræmd mannauðsstefna sveitarfélagsins. Enn eitt verkefni er uppfærsla á heimasíðu, öryggisvarnir tölvumála og samningar við tölvuþjónustufyrirtæki sem skrifstofustjóri er að sinna þessa daga.